

FRÁSÖGN*af fundi ÖSE-þingsins í Dubrovnik 7.–10. október 2011*

Af hálfu Íslandsdeildar ÖSE-þingsins sóttu fundinn Róbert Marshall formaður og Kjartan Fjeldsted ritari. Meginefni fundarins var svæðisbundin þróun í suðaustanverðri Evrópu en auk hefðbundins fundar stjórnarnefndar ÖSE-þingsins fóru einnig fram málþing um ástandið í Nagorno-Karabakh og stöðuna í nágrennaríkjum ÖSE í ljósi atburðanna í arabaheiminum.

Í setningarávarpi sínu sagði Petros Efthymiou, forseti ÖSE-þingsins, að svæðisbundið samstarf á Balkan-skaga hefði aukist mjög á undanförunum árum og mikill árangur hefði náðst í að koma aftur á eðlilegu pólitísku og diplómátísku sambandi ríkjanna á svæðinu eftir stríðin sem geisað hefðu á fyrri hluta 10. áratugar síðustu aldar. Þúsundir flóttamanna hefðu snúið til síns heima og hundruð stríðsglæpamanna hefðu verið saksótt. Sem dæmi um þær framfarir sem orðið hafa á svæðinu á undanförunum árum nefndi hann nýlega ákvörðun forseta Króatíu, Serbíu og Bosníu-Hersegóvínu um að hefja nánara samstarf milli ríkjanna í löggæslu, ákærvaldi og framsali sakamanna til að auðvelda baráttu gegn skipulagðri glæpastarfsemi.

Setningarfundinn ávörpuðu einnig Ivo Josipović, forseti króatíska lýðveldisins, Jadranka Kosor, forsætisráðherra og Luka Bebić, forseti króatíska þingsins. Josipović biðlaði til alþjóðasamfélagsins að veita ríkjunum á svæðinu möguleika á inngöngu í ESB til að tryggja öryggi og stöðugleika á svæðinu. Sem 28. aðildarríki Evrópusambandsins mundi Króatía leggja sitt af mörkum til að því ferli miðaði áfram. ÖSE hefði leikið mikilvægt hlutverk í þeirri þróun í átt til lýðræðis og stöðugleika sem orðið hefði í landinu. Eftir sex ára samningaviðræður væri Króatía nú við það að skrifa undir aðildarsamning við ESB og mikilvægasta og erfiðasta tímabilið í þróun landsins sem sjálfstæðs ríkis væri þar með að baki. Bebić sagði þáttöku í evrópsku samstarfi einstakt tækifæri til að þróa frekar lýðræði, stöðugleika og öryggi í landinu.

Walburga Habsburg Douglas, varaforseti ÖSE-þingsins, stýrði umræðum um möguleika ríkjanna á Balkan-skaga í átt að nánara samstarfi við Evrópu og Bandaríkin. Þátt tóku Paul Vandoren, sendiherra Evrópusambandsins í Króatíu, Wieslaw Tarka, sendiherra Póllands, sem nú fer með formennsku í Evrópusambandinu, og Hidajet Bišćević, framkvæmdastjóri Regional Co-Operation Council, sem er samstarfsvettvangur ríkjanna á svæðinu sem og nokkurra alþjóðastofnana. Fram kom m.a. að langt væri enn í land þar til ríkin á svæðinu hefðu náð þeirri þróun sem til þyrfti til að ganga í ESB. Þó væru jákvæð teikn á lofti en svæðisbundið samstarf í suðaustur-Evrópu væri nú til dæmis umfangsmeira en víðast hvar annars staðar.

Einnig fór fram sérstök umræða um hlutverk ÖSE í lausn deilunnar um Nagorno-Karabakh með þáttöku sendiherra Bandaríkjanna, Frakklands og Rússlands, sem stýra svokölluðum Minsk-hópi ÖSE, sem hefur það hlutverk að miðla málum milli Armeníu og Aserbaídsjans. Þá sat fundinn Andrzej Kasprzyk, sérstakur fulltrúi formanns ráðherraráðs ÖSE um deiluna. Formenn sendinefnda Armeníu og Aserbaídsjans fluttu hvor um sig framsögu um deiluna frá sínu sjónarhorni. Sendiherrarnir kynntu m.a. áætlun sem þeir binda vonir við að orðið geti grundvöllur að lausn deilunnar.

Á fundi stjórnarnefndar kynnti Lamberto Zannier, framkvæmdastjóri ÖSE, stjórnarnefndinni fjárhagsáætlun ÖSE, sem að þessu sinni gerði ráð fyrir 1,1% aukningu í 152 milljónir evra. Hann sagði að fylgt hefði verið stefnu um að fjárhagsáætlunin hækkaði ekki að nafnvirði milli ára en þeirri stefnu væri ekki hægt að fylgja lengur, m.a. vegna verðbólgu. Þróun í starsemi stofnunarinnar hefði verið sú að samdráttur væri í suðaustur-Evrópu og aukning í mið-Asíu. Þá kynnti Riccardo Migliori, formaður ítölsku sendinefndarinnar, væntanlegt kosningaefirlit í ÖSE í Túnis, en þar var áætlað að um 1.300 listar yrðu í framboði.

Frekari upplýsingar má nálgast hjá ritara Íslandsdeildar og á vefsvæðinu www.oscepa.org.